



887. fundur stjórnar GSÍ, 12. apríl 2017 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Hansína Þorkeldsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Gunnar K. Gunnarsson, Jón Júlíus Karlsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Brynjar Eldon Geirsson ritaði fundinn.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

#### 2. Samstarfsaðilar 2017

Forseti fór yfir stöðu á samstarfssamningum GSÍ og hvatti stjórnarmenn í framhaldinu til þess að aðstoða markaðstjóra GSÍ við að ná í nýja samstarfsaðila.

Skýrsla markaðstjóra frá því á síðasta fundi fjárhagsnefndar var kynnt fundarmönnum. Ekki hefur tekist að fá samstarfsaðila fyrir Íslandsmót golfklúbba en rætt var um að gera mótið meira aðlaðandi fyrir samstarfsaðila í framhaldinu.

#### 3. Samráðsfundir

Nú hefur stjórn GSÍ tekið samráðsfundi á vormánuðum með forystumönnum GO og GK.

Stefnt er að því að funda næst með forráðamönnum GM, GR og golfklúbbum á

Suðurnesjum. Haukur Örn fór yfir það helsta sem rætt hefur verið á vorkundum.

Markmið funda sem þessa er að hlusta á raddir forystumanna golfklúbba landsins og segja frá starfi sambandsins á hverjum tíma.

#### 4. Afmæli GSÍ - dagskrá

Forseti kynnti fyrirhugaða dagskrá 75 ára afmælis GSÍ, en samþykkti stjórn að halda afmælisveislu þar sem forystumönnum golfklúbba landsins verður boðið ásamt samstarfsaðilum, forystumönnum ÍSÍ og forseta Íslands.

#### 5. Reglugerðir

Forseti fyrir hönd laganefndar kynnti til leiks breytingar á reglugerðum og í framhaldinu voru þær samþykktar. Reglugerðirnar verða sendar í framhaldinu á klúbbana til yfirlstrar og athugasemda.

#### 6. Ólympíuleikar ungmenna 2018 - keppendur í golfi

Stjórn GSÍ voru kynntar nýlegar fréttir um að GSÍ hefði fengið þátttökurétt fyrir tvo leikmenn á Ólympíuleikum ungmenna árið 2018 sem haldnir verða í Brasilíu. Afar ánægjulegar fréttir fyrir golfhreyfinguna og verða þetta fyrstu íslensku kylfingarnir til að taka þátt í Ólympíuleikum.

#### 7. International Golf Conference R&A

Haukur Örn kynnti fundarmönnum dagskrá ráðstefnunnar sem haldin verður dagana 25.-27. apríl næstkomandi í Skotlandi. Samhliða fundinum verður fundur hjá framkvæmdastjórn



EGA, sem Haukur Örn sækir, auk Norðurlandafundar og fundar hjá North Zone innan EGA. Skýrslu verður skilað til stjórnar GSÍ á næsta fundi stjórnar.

#### 8. Íþróttþing ÍSÍ 5.-6. maí

Farið var yfir dagskrá komandi 73. Íþróttþings og rætt um hverjir yrðu fulltrúar GSÍ á þinginu. Mjög líklega verða úthlutunarreglur afrekssjóðs ÍSÍ töluvert í sviðsljósinu á þinginu.

#### 9. Önnur mál

- Forseti sagði frá meginatriðum fundar sem haldinn var með forsvarsmönnum Eimskipafélags Íslands.
- Vinavallasamningar og fyrirtækjasamningar golfklúbba voru ræddir.
- Ráðningarferli mótastjóra GSÍ, Andrea Ásgrímsdóttir lætur af störfum í lok apríl en leit stendur yfir að nýjum mótstjóra.
- Endurnýjun á markaðsefni GSÍ, málinu vísað til útbreiðslunefndar til umfjöllunar.
- Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 18. maí nk. kl.17:00 í fundarsal GSÍ.

Ekki voru fleiri málefni tekin fyrir og fundi slitið kl. 18.45